

Nd.

408. Frumvarp til laga

[240. mál]

um breyting á lögum nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingólfur Jónsson, Gils Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Halldór S. Magnússon, Bjarni Guðnason.

1. gr.

1. tölul. 8. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. mars 1973 til 28. febr. 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn sömu aðila. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskattsstofn skv. þessum tölulið, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvisitölu. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Við 4. tölul. 8. gr. laganna bætist:

Nú verður á því misbrestur, að gjaldinu samkvæmt þessum tölulið eða 3. tölulið þessarar greinar sé skilað á réttum tíma, og skulu þá vanskil sveitarfélagsins með dráttarvöxtum tekin af hluta þess í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Dráttarvextir skulu vera 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, og skulu þeir reiknaðir frá gildistöku laga þessara. Sveitarfélögum skal ekki greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fyrr en skuldir þeirra við Viðlagasjóð hafa verið að fullu greiddar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú um næstu mánaðamót falla úr gildi lagaákvæði um, að leggja beri 2% viðlagagjald á söluskattsstofn, sem renni í Viðlagasjóð skv. lögnum um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Flm. þessa frumvarps hafa undanfarið kynnt sér fjárhag Viðlagasjóðs í samráði við ríkisstjórnina og reynt að mynda sér skoðun á því, hvað líklegt sé, að mikið fé þurfi fram að leggja úr Viðlagasjóði til þess að standa við þau fyrirheit, sem felast í lögnum um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Í ljós kom, að ógerningur er að gera sér þess nú fulla grein, hversu mikið fé þarf til að koma, en svo mikið er ljóst að dómi flutningsmanna, að Viðlagasjóður má ekki missa allar tekjur sínar nú um næstu mánaðamót. Hefur því orðið samkomulag um að flytja þetta frumvarp, en efni þess er að leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn næstu 12 mánuði, þ. e. til 28. febrúar 1975. Flm. álita, að síðar verði að afla fjár til viðbótar í Viðlagasjóð, ef í ljós kemur, að þetta fé nægir ekki til þess, að hægt sé að standa við fyrirheit laganna um stuðning við uppbyggingu í Vestmannaeyjum.

Þess er vænst, að Seðlabankinn aðstoði Viðlagasjóð framvegis eins og hingað til, þannig að greiðslur úr sjóðnum geti orðið með eðlilegum hætti.

Dregist hefur hjá sveitarfélögum að skila af sér viðlagagjaldi því, sem lagt er á útsvarstofna, og þess vegna er í 2. gr. frumvarpsins heimild til þess að tryggja skilin með því, að framlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði gangi upp í vanskil á viðlagagjaldi, sem sveitafélögin hafa tekið við.

Ingólfur Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason og Bjarni Guðnason taka fram, að þeir telji, að innflutningstollar og söluskattur af Viðlagasjóðshúsunum eigi að ganga til uppbyggingar í Vestmannaeyjum jafnóðum og húsunum er komið í verð. Eysteinn Jónsson, Gils Guðmundsson og Halldór S. Magnússon taka á hinn bóginn fram, að upplýst er, að ríkisstjórnin hefur skv. heimild í 6. gr. XXXII. lið gildandi fjárlaga ætlað þetta fé til þess að leggja fram í hafnarframkvæmdir, sem teknar voru ákvarðanir um í beinu sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum.